



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is · www.utn.stjr.is

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
b.t. Björns Friðfinnssonar, Hjalta
Zóphóníassonar og Önnu Sigríðar
Arnardóttur
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík 3. júlí 2002

Tilvísun: UTN02020303/04.C.011; 17.E.002

THH


Visað er til bréfs dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 18. júní sl., og fyrri erinda vegna túlkunar 3. mgr. 2. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda að því er varðar beitingu alþjóðasamninga sem ekki hafa verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda. Sérstaklega er vísað til tvísköttunarsamninga í þessu sambandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu í tilvitnuðu bréfi „að til þess að alþjóðlegum samningum eins og tvísköttunarsamningum verði beitt verður birting þeirra að hafa átt sér stað í C-deild Stjórnartíðinda, svo og auglýsing varðandi gildi þeirra, enda komi viðkomandi ákvæði ekki fram í öðrum réttarreglum.“

Utánríkisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þessa niðurstöðu að því er tvísköttunarsamninga varðar en vekur athygli á því að tvísköttunarsamningar hafa nokkra sérstöðu meðal alþjóðasamninga. Almennt er gildistaka alþjóðasamninga eða beiting þeirra af hálfu samningsríkjanna sín á milli að þjóðarétti ekki háð birtingu þeirra. Almennt er ekki um það að ræða að ákvæðum alþjóðasamninga sé beitt sem slíkum gagnvart einstaklingum, heldur beitt hvert samningsríki innlendum réttarreglum í skiptum sínum við þegnana. Ríkjum er skylt að laga lög sín að ákvæðum alþjóðasamninga áður en þau gerast aðilar að þeim, eftir því sem við á, og beita þeim lögum gagnvart þegnum sínum.

Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 er ríkisstjórninni heimilt að gera tvísköttunarsamninga við ríkisstjórnir annarra ríkja. Framkvæmdin hefur verið sú að tvísköttunarsamningar hafa verið gerðir við fjölda ríkja á þessum grundvelli án þess að ákvæði þeirra, að hluta til eða í heild, hafi verið innleidd í íslenskan rétt. Umdeilanlegt er hvort tilvitnað lagaákvæði og/eða umrædd framkvæmd stangist á við ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995, en af þessari framkvæmd leiðir að íslensk stjórnvöld beita ákvæðum tvísköttunarsamninga og ekki innlendum réttarreglum gagnvart einkaaðilum. Af framansögðu er ljóst að slíkum ákvæðum verður ekki beitt gagnvart einkaaðilum fyrr en birting hefur átt sér stað í C-deild Stjórnartíðinda.

F.h.r.



+354 5624878